



## Forsætisnefnd

### Efni: Svar við fyrirspurn um kostnað við stýrihópa og starfshópa

Á fundi borgarstjórnar þann 17. apríl 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kostnað við stýrihópa og starfshópa hjá Reykjavíkurborg á kjörtímabilinu:

*Ég óska því eftir að tekið verði saman yfirlit yfir kostnað vegna aðkeyptar þjónustu allra starfshópa og stýrihópa sem stofnaðir hafa verið á kjörtímabilinu, hvort sem vinnu við þá er lokið eða ekki. Ég óska eftir að svarið verði sundurliðað eftir því hvort um starfshóp eða stýrihóp sé að ræða, undir hvaða svið eða skrifstofu borgarkerfisins fjárhæðin fellur og hvort hún hafi verið nýtt innan ramma sviðsins, eða fengin hafi verið sér fjárheimild, móttakandi greiðslunnar, hvert var verkið og hver var fjárhæðin*

### Svar við fyrirspurninni:

Margir stýrihópar hafa verið settir á laggirnar á því kjörtímabili sem nú er á enda en þeir eru skipaðir kjörnum fulltrúum. Hlutverk þeirra tengjast yfirleitt verkefnum sem falin eru tilteknu sviði eða skrifstofu og þeir njóta starfskrafta starfsmanna þar. Stýrihópar hafa almennt ekki sérstaka fjárveitingu til að kaupa aðkeypta sérfræðiaðstoð en það útilokar ekki að þeir hafi forgöngu um kaup á sérfræðiþjónustu sem fellur á á kostnaðarstað verkefnisins hjá viðkomandi sviði eða skrifstofu. Það er ekki sérmerkt í bókhaldi þegar aðkeypt sérfræðivinna er keypt á sviði eða skrifstofu að tillögu stýrihóps. Þess vegna er ekki unnt að draga fram yfirlit yfir kostnað við aðkeypta sérfræðivinna sem ráðist er í fyrir tilstilli eða að tillögu stýrihóps enda er endanlega ákvörðunin á þeirri ráðstöfun hjá þeim stjórnanda sem ber stjórnsýslulega ábyrgð á verkefninu og kostnaði vegna þess.

Borgarstjóri, borgarritari, sviðsstjórar og skrifstofustjórar hafa sett á laggir fjölmarga starfshópa á því kjörtímabili sem er að ljúka. Starfshópar eru gjarnan settir á laggir þegar sameina þarf afl sérfræðinga af fleiri en einu sviði, skrifstofu eða stofnun í ákveðnu verkefni sem hýst er á ákveðnu sviði eða skrifstofu og hefur fjárheimildir þar. Starfshópar hafa ekki sérstakar fjárheimildir og taka ekki ákváðanir um kaup á aðkeypri þjónustu heldur hlutaðeigandi stjórnandi sem ber stjórnsýslulega ábyrgð á framkvæmdinni.

Svarið við fyrirspurninni er því það að hvorki stýrihópar né starfshópar taka formlegar ákváðanir um aðkeypta þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar enda þótt þeir kunna að hafa lagt slíkt til við þann eða þá stjórnendur sem bera stjórnsýslulega ábyrgð á framkvæmdinni. Ekki verður rakið í bókhaldi borgarinnar hvort tiltekin aðkeypt þjónusta sé til komin vegna tillögu stýrihóps eða starfshóps.

Birgir Björn Sigurjónsson,  
fjármálastjóri